



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Grænaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

Leiðarljós leikskólans	2
Greinargerð leikskólastjóra	2
Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
Innra mat	4
Ytra mat	7
Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023	8
Innra mat Dropadeildar	10
Umbótaáætlun Dropadeildar	10
Innra mat Mánadeildar.....	11
Umbótaáætlun Mánadeildar.....	12
Innra mat Stjörnudeildar	13
Umbótaáætlun Stjörnudeildar	13
Innra mat Sólskinsdeildar	15
Umbótaáætlun Sólskinsdeildar	16
Innra mat sérkennslu.....	17
Mat á sérkennslu 2021-2022.....	17
Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	17
Innra mat – fjöltyngd börn	17
Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022	17
Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023	18
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
Foreldrasamvinna.....	20
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
Fylgigögn.....	21
1 FYLGISKJAL - SKÓLADAGATAL.....	21
2 FYLGISKJAL - UMSÖGN FORELDRARÁÐS	21

LEIÐARLIÓS LEIKSKÓLANS

Í leikskólanum Grænuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, en þau eru virðing - gleði – vinsemi – umhyggja.

GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Skólaárið 2021 -2022 var skemmtilegt en fullt af Covid19 áskorunum með öllum sínum takmörkunum, sem auðvitað setti sinn svip á allt starf í skólanum. Leikskólanum var, framan af, áfram skipt í tvö hólfi, þar sem helmingur barna og fullorðinna voru í hvoru hólfi. Þetta gerði það að verkum að börn og starfsfólk hafði ekki aðgang að öllum svæðum skólans – það voru færri fermetrar fyrir hvern og einn, til að mynda þurfti að taka listasmiðjuna alfarið undir kaffistofu og vinnuherbergi starfsmanna í því hólfi. En líkt og önnur ár var lögð áhersla á að gleði og metnaður í starfseminni allri væri alsráðandi og unnin voru með ýmskonar fjölbreytt verkefni – skólastarfið aðlagði sig eins og hægt var að þessum ytri óviðráðanlega þætti.

Óhætt er að segja að mikill metnaður hafi verið auðséður í starfsmannahópnum, allir voru einbeittir við að skila góðu og gróskumiklu starfi. Það sama má segja um barnahópinn, börnin iðuðu af metnaði og kátínu allt skólaárið og tóku þátt í öllum leikjum og starfi af ánægju. Metnaðurinn var sjáanlegur þegar í boði voru fjölbreytt verkefni sem hæfðu þroska og áhuga hjá börnum og fullorðnum innan skólans. Það skiptir miklu máli fyrir alla.

Það voru 75 - 78 börn í Grænuborg á hverjum tíma á skólaárinu, lítil hreyfing var á barnahópnum, en það voru nokkur börn sem hættu á skólaárinu og ný börn komu í þeirra stað. 1. febrúar 2022 voru skráð 77 börn í skólann sem voru fædd frá janúar 2016 til ágúst 2020, 36 stúlkur og 41 drengir. Börnin voru í 5 til 9 stunda vistun, flest voru skráð í 8,0 stunda vistun eða 34% þeirra, 22% barnanna voru í 8,5 stunda vistun, fæst voru í 5 og 9 stunda vistun, önnur börn voru með vistunartíma þar á mill. 41% barnanna voru fjöltyngd, töluð voru 33 tungumál í barnahópnum.

Á sama tíma, 1.febrúar 2022, störfuðu 24 einstaklingar í Grænuborg, í um það bil, 17 stöðugildum auk sérkennslu. Sautján af þeim voru í 100% starfi, aðrir í 30 – 80% eða í tímavinnu. Það voru um það bil 3,8 – 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður auk undirbúnings- og veikindaafleysingu. Ekki var mikil hreyfing á starfsmannahópnum á árinu, en einhver samt

Líðandi skólaár, líkt og þar seinasta skólaár, hefur verið frábrugðið öðrum skólaárum, og erfitt að mörgu leiti, vegna Covid19. En við höfum, því miður, fengið þó nokkra reynslu af takmörkunum og aðlagð okkur að aðstæðum í samfélaginu á hverjum tíma og gengið það þokkalega, þessi reynsla hefur verið lærdómsrík og munum við vonandi getað nýtt okkur það sem vel hefur gengið. Það sem má segja að

hafi verið erfiðast og neikvæðast, er minni aðkoma og minni samskipti við foreldra. Auk þess sem við höfum því miður þurft að loka deildum vegna starfsmannaeklu oftast en nokkru sinni fyrr, vegna Covid19 veikinda þeirra eða fjölskyldu þeirra, nú eða sóttkvíar og ekki mátti færa starfsfólk á milli hólfa. En á seinasti hluta skólaársins hefur starfsemin verið að færast í eðlilegt horf, okkur til mikillar gleði. Við hættum að vera í hólfum í mars 2022, foreldrar gátu aftur farið að koma inn í leikskólann, hægt var að halda viðburði í skólanum og fara í stórar vettvangsferðir.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Samkvæmt deildarstjórum féllu deildarfundir eitthvað niður vegna ýmissa anna, það er því miður ekki til tölfræði um það. Undirbúningstímar héldust að mestu, en því miður var eitthvað um að þeir féllu niður vegna manneklu, við eigum ekki tölfræði um hversu oft það var. Þegar samkomutakmarkanir voru á skólaárinu notaðist stjórnendateymi skólans við Microsoft Teams til funda og reyndist það mjög vel í flestum tilfellum, auk þess voru einhverjir samstarfs- og skipulagsdagar á Teams.

Samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum dögnum. Á einum skipulagsdegi var fræðsla frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um hinsegin fræðslu og fékk leikskólinn eftir það regnbogavottun, á öðrum skipulagsdegi fékk starfsfólk leikskólans fræðslu um Barnasáttmálann frá Skóla- og frístundasviði.

Vegna Covid19 hafa foreldrar lítið sem ekkert komið inn í leikskólann þangað til í mars 2022 en fram að því höfðu allflestir viðburðir með þátttöku foreldra fallið niður. Þó hafa allir fengið boð um foreldraviðtöl tvisvar á skólaárinu, ýmist á staðnum eða á netinu. Það reynir mikið á þegar dagsdagleg samskipti eru lítil vegna takmarkana í samfélaginu, það er alltaf skrítið þegar foreldrar hafa ekki tækifæri til að koma inn, þekkja ekki skólabygginguna og vera þannig fullur partur af leikskólastarfinu. Frá því í mars hafa hlutirnir færst í hefðbundið form og skólinn verið alveg opinn. Við öll (börn, starfsfólk og foreldrar) fóru til að mynda saman í sveitaferð í maí, boðið var upp á foreldrakaffi, það var opið hús og fleira gert til að opna skólann fyrir foreldrum og auka þannig samskiptin aftur.

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir á ýmsum tímum þá var margt gert og brallað á skólaárinu. Deildirnar fóru í ýmskonar vettvangsferðir hingað og þangað um borgina og á ýmsar sýningar. Við gátum haft opið hús, farið í stóra sveitaferð, haft söngsal og haft flæði um allan skólann (börnin hafa þá tækifæri til að leika sér hvar sem er í leikskólanum) og gert margt annað sem ekki hefur verið svo auðvelt að gera undanfarin ár. Þessu fylgdi mikil gleði.

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt á árinu. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Þá var verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem

og þætti sem náðu til lengri tíma. Hver deild starfaði að umbótaþáttum sem voru sett fyrir árið, auk þess sem leikskólinn í heild setti umbótaþætti til að vinna að. Sumir þættir náðust á árinu og aðrir ekki. Farið var yfir þessa þætti á fundum skólans, þeir kynntir fyrir öllum, hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel og hvers vegna. Sumir af þessum umbótarþáttum munu fylgja okkur áfram yfir á komandi skólaár. Og aftur hefur hver deild fyrir sig sett upp ákveðna umbótaþætti sem unnið verður að á komandi ári, sjá nánar í innra mati fyrir hverja deild. Skólinn allur mun auk þess hafa ákveðna umbótaþætti til að vinna sameiginlega að. Unnið verður áfram að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur á árinu og hefur vegna þessa verið sótt aftur um styrk í A hluta þróunarsjóðs.

Við munum, á skólaárinu halda áfram með hluti frá fyrra ári, eins og t.d. halda áfram að rýna í álag í leik og starfi, hvað er það og hvað getum við gert til að minnka það á sama tíma að halda úti metnaðarfullu starfi. Við viljum að leikur og starf innan skólans sé metnaðarfullt en áreynslulítið og sniðið að þörfum hvers og eins, viljum þannig draga úr óþarfa álagi sem stundum getur fylgt því að vera í stórum hópum í litlu rými. Við þurfum að skapa rými og tíma til að álag á börn og starfsfólk sé lítið og vera vakandi fyrir því hvað það er og hvaða tími dagsins það er sem skapar mest álag. Við ætlum líka að draga fram alla námsþætti aðalnámskrár og þætti menntastefnu Reykjavíkurborgar þannig að öllum verði tamt að vinna samkvæmt þeim og hafi sama skilning á þeim. Okkur langar til að endurvefja tákni með tali og fara að nota það aftur á markvissan hátt í skólastarfi. Sjá má fleiri þætti sem lögð verður áhersla á í umbótaáætlun.

Að lokum langar mig enn og aftur til að hrósa foreldrum barnanna í skólanum fyrir þolinmæði og umburðarlyndi í þessu öllu, öllu starfsfólki skólans sem komst í gegnum þessa miklu óvissutíma af æðruleysi. Auk þess eiga börnin hrós skilið fyrir að mæta á hverjum degi með bros á vör og koma með gleðina í hús, vonandi kemur þetta aldrei aftur. Ég segi því **vel gert allir og takk!**

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR 2021-2022

INNRA MAT

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
reglur á útleikskvæði	Reglur á útleiksvæði leikskólans lagðar fyrir alla starfsmenn skólans í apríl 2022, hver deild tók til umræðu og kom með ábendingar um lagfæringar	Allt starfsfólk skólans	Flestar reglur ennþá viðeigandi og verða áfram í notkun, aðrar reglur teknar út og enn aðrar lagfærðar. Nýjar reglur þannig búnar til og fara í handbók starfsmanna
kynjajafnrétti – gátlisti frá SFS	Gátlistar lagðir fyrir alla starfsmenn skólans í apríl 2022	Allt starfsfólk skólans, lagt fyrir á deildarfundum og hver	Starfsfólk skólans er mjög meðvitað um kynjajafnrétti,

		deild mat stöðuna á sinni deild	orðræðu og umræðan er opin
upplýsingar um skólastarfið – hvernig gerum við það sem verið er að gera sýnilegt?	Matið var óformlegt og fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Hver deild skilaði sínum niðurstöðum, sem voru mjög misjafnar eftir deildum og aldri barnanna. Hefur batnað til muna, en þetta verður áfram í ferli, því við rekum okkur ennþá á að foreldrar og aðrir geri sér ekki alltaf grein fyrir því hvað við erum að gera, um hvað leikskólastarf í Græuborg snýst
gátlistar um menntastefnu, allir þættir	Matið fór fram í apríl, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Hver deild fyrir sig fór yfir gátlista menntastefnunnar, hver deild mun rýna í sínar niðurstöður í haust og skólinn í heild líka. Sjá fyrir neðan.
félagsfærni í Græuborg, hvar erum við stödd?	Matið fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Allar deildir að vinna markvisst með félagsfærnina miðað við aldur barnanna. Sjá fyrir neðan.
upplýsingaflæði frá leikskólanum	Rafræn foreldrakönnun júní 2022	Allir foreldrar / forráðamenn í leikskólanum	Hvaða leið hentar best? Flestir nefndu Völu og tölvupóst, en kusu líka almennar upplýsingar á hurðum eða veggjum deilda. Verður notast við þessa þætti til upplýsingamiðlunar. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni töldu að upplýsingaflæði væri gott.
nám svið leikskóla samkvæmt aðalnámskrá	Mat á miðju ári, óformlegt á fundum	Allt starfsfólk leikskólans	Gekk ekki nægilega vel að festa þetta í sessi og mun fylgja okkur næsta skólaárið
getum við notað fleiri aðferðir til að meta starfið	Rætt og skoðað á fundum skólans	Stjórnendateymi	Það sem er að nýtast vel eru ýmsir gátlistar, umræður á öllum fundi, foreldrakannanir bæði sem leikskólinn gerir sjálfur og líka þær sem borgin sendir út. Áframhaldandi vinna á komandi skólaári
taka börnin nægilega mikið þátt í að meta starfið	Rýnt í leik barnanna og þau spurð álit á hinum ýmsu viðfangsefnum	Börnin og allt starfsfólk skólans	Að sumu leiti taka börnin mikinn þátt í að meta starfið í leikskólanum, en þó aðalega á óformlegan hátt. Mætti gera meira af formlegu mati hjá þeim. Haldið verður áfram að skoða á komandi ári

velliðan og öryggi barna	Rafræn foreldrakönnun júní 2022	Allir foreldrar / forráðamenn í leikskólanum	99% svarenda telja að barnið sitt sé öruggt og því líði vel í leikskólanum
fjölbreytt leik- og námsefni barna	Umræður á deildum	Allt starfsfólk skólans	Efniviður tiltölulega fjölbreyttur og aðgengilegur fyrir börnin, þó má alltaf bæta í og taka burt
skráning undirbúnings-tíma	Skráning	Allt starfsfólk	Gekk ekki nægilega vel að skila inn þessum tímum, þurfum að halda þessu áfram á næsta skólaári og finna leiðir sem virka fyrir heildina
verklagsreglur um móttöku nýliða	Útbúnað var nýjar verklagsreglur	Aðstoðarleikskólastjóri	Nýju verklagsreglurnar voru lagðar fyrir alla starfsmenn skólans og þær aðlagðar að því sem kom fram frá þeim og settar í handbók starfsmanna
foreldrakönnun á vegum leikskólans	Rafræn könnun	Allir foreldrar / forráðamenn leikskólabarna fengu könnunina senda í gegnum Völu	Sjá spurningar og helstu niðurstöður hér að neðan

Gerð var viðhorfskönnun á meðal foreldra barna í Grænuborg í júní byrjun 2022. Það var rafræn könnun, leikskólinn sá um að gera og senda könnunina til allra foreldra barna í leikskólanum. Svarhlutfall var 50%. Í könnuninni voru 11 spurningar (bæði á íslensku og á ensku):

1. Í heildina litið er ég ánægð/ur með starfið í Grænuborg?
2. Það sem ég hef verið ánægð/ur með?
3. Það sem ég hef ekki verið ánægð/ur með?
4. Við erum alltaf að leita leiða til að koma upplýsingum frá okkur varðandi starfið, við notum Völuna, tölvupóst, auglýsingar á útidyráðurðum deilda, skóladagatal, heimasíðu o.fl. Hvernig finnst þér best að fá upplýsingar um viðburði og fréttir af skólastarfinu?
5. Ég fæ nægar upplýsingar varðandi starfið í Grænuborg?
6. Ég tel að barninu mínu líði vel í leikskólanum?
7. Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum?
8. Starfsfólk leikskólans styður við og þekkir þarfir og þroska barnsins míns?
9. Ég þekki stefnu leikskólans og gildi hans?
10. Hvað heldur þú að barninu þínu finnst skemmtilegast að gera í Grænuborg, nefndu endilega að minnsta kosti einn hlut, stað eða stund?
11. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi starfið í Grænuborg og nýtist okkur til að meta og bæta skólastarfið?

Niðurstöður voru almennt jákvæðar. Foreldrar eru ánægðir, fá nægar upplýsingar, telja barnið sitt öruggt, að því líði vel og að starfsfólk leikskólans styðji við barnið. Þær leiðir sem notaðar eru í dag til að koma upplýsingum um starfið virðast vera góðar, en það kom fram að mikilvægt sé að hafa upplýsingaleiðirnar sem fjölbreyttastar, tölvupóstur, Valan, heimasíðan og auglýsingar á útidyrum deilda, vert er að taka fram að enginn minntist á formlega skóladagatalið. Mjög gagnlegar upplýsingar

komu frá foreldrum í spurningum 2 og 3, um það sem þau hafa ekki verið ánægð með og hvað þau hafa verið ánægð með. Ábendingar sem komu frá foreldrum í spurningu 11 um að nefna eitthvað annað sem myndi gagnast vel í mati á starfi leikskólans. Í spurningu 10 tiltóku foreldrar það sem þau töldu að barninu þætti skemmtilegast að gera í Grænuborg. Allir þessir þættir verða listaðir upp og rýndir af starfsmannahópnum fyrir sumarfrí og svo verður unnið með niðurstöðurnar áfram í haust, bæði það sem má taka til endurskoðunar og bæta, sem og það sem gengur vel og við viljum halda í og nýta til að byggja upp ennþá betra starf í Grænuborg.

Það sem vert er að taka út og nefna hérna varðar öryggi, foreldrar hafa áhyggjur af þungri umferð fólksbíla og ekki síður rútna um Eiríksgötu, sem illa passar við leikskólastarf og lítil börn. Inn í þetta kemur bílastæðamál fyrir þá foreldra sem koma akandi með börnin. Og hliðin sem snúa út að umferðargötu og hversu nálægt hliðið sé henni. Þessir þættir verða skoðaðir betur af leikskólanum.

Til að meta starfið samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar var notast við þar til gerða gátlista um menntastefnu, vorið 2022, allt starfsfólk leikskólans tók þátt, tölur innan sviga eru tölur frá því fyrir ári síðan. Helstu niðurstöður voru: **Félagsfærni** – 85% komið til framkvæmda, sem skiptist í stefnu skólans 80% (69%), og viðmið um gæðastarf 90% (83%). **Sjálfsefning** – 95% komið til framkvæmda, sem skiptist í stefnu skólans 100% (67%), og viðmið um gæðastarf 94% (91%). **Sköpun** – 92% komið til framkvæmda, sem skiptist í stefnu leikskólans 81% (88%), og viðmið um gæðastarf 88% (83%). **Heilbrigði** – 93% komið til framkvæmda, sem skiptist í stefnu leikskólans 88% (63%), og viðmið um gæðastarf 94% (86%). **Læsi** – 86% komið til framkvæmda, sem skiptist í stefnu leikskólans 92% (92%), og viðmið um gæðastarf 85% (85%). **Innra mat** – 91% komið til framkvæmda. Allir þættir gátlistanna verða rýndir á komandi skólaári og unnið með það sem ennþá þarf að bæta.

YTRA MAT

Reykjavíkurborg gerði eina formlega viðhorfsskönnun í Grænuborg, það var starfsmannakönnun, gerð í mars 2022, um það bil 87% starfsmanna tóku þátt í könnuninni. Tilgangur starfsmannakönnunarinnar er að fá viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna.

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfsskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar	Rafrænt mat	Allt starfsfólk skólans fékk tækifæri til að svara, 20 nýttu það af 23	Sjá niðurstöður hér að neðan.


Við skoðun á niðurstöðum verður að taka tillit til aðstæðna, skólinn var hólfaður mestan part skólaársins og vinnusvæði skert.

Helstu niðurstöður voru frekar áþekkar samsvarandi könnun frá seinasta skólaári. Kannaðir voru eftirtaldir 14 þættir og útkoman var eftirfarandi (mælitölur innan sviga eru frá 2021, settar inn til viðmiðunar):

- Tilgangur 4,67 (4,62)
- Starfsánægja 4,58 (4,60)
- Stjórnun 4,50 (4,50)
- Starfsandi 4,44 (4,52)
- Sveigjanleiki í starfi 4,42 (4,55)
- Upplýsingaflæði 4,33 (4,60)
- Viðurkenning 4,33 (4,34)
- Fræðsla og þjálfun 4,18 (4,14)
- Betri vinnutími/stytting 4,17 (---)
- Vinnuáðstaða 4,11 (4,38)
- Vellíðan og hugarfar grósku 4,03 (---)
- Líðan – Álag 3,72 (---)
- Hæfilegt vinnuálag 3,72 (---)
- Covid19 2,28 (---)

Meðalskor þátta

Sútur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor samanburðarhóps



UMBÓTAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS 2022-2023

Umbóta- þættir / matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning undir- búnings- tíma	Fá raunsæja mynd af undir- búnings- tímum allra starfs- manna. Endurtekið frá síðasta ári	Skráning	Stjórnenda- teymi skólans	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar skoðaðar og metnar	Að hver og einn fái þá undir- búnings- tíma sem hann á samkvæmt kjara- samningi
Tákn með tali	Innleiðing og markviss notkun á tákn með tali sem	Námskeið	Stjórnenda- teymi skólans	Haut 2022	Vor 2023	Metið með umræðum	Aukin þekking og samstillt

	nýttist öllum börnum skólans						vinna með TMT
Upplýsinga-tækni og vísindi í skólastarfi	Halda áfram að kynna okkur betur allt það nýja efni sem skólinn á varðandi upplýsinga-tækni og vísindi	Kynna og nýta það sem skólinn á varðandi mála-flokkinn og nota markvisst í starfi	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2022	Maí 2023	Umræða á fundum skólans, hvað var keypt, hverjum nýttist það og hvernig og nýta það vel	Betri og markvissari kennsla og betri nýting á búnaði
Námssvið leikskóla samkvæmt aðal-námskrá	Halda öllum námssviðum leikskóla samkvæmt aðalnám-skrá betur á lofti	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2022	2023	Samtal	Allir meira meðvitaðir um aðal-námskrá og ígrundaðara starf með þau í huga
Mennta-stefnan ígrunda betur?	Vinna með þá þætti sem má bæta samkvæmt innra mati og gátlistum mennta-stefnunnar	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2022	2023	Gátlistinn lagður aftur fyrir	Meiri þekking og markviss vinna
Getum við notað fleiri aðferðir til að meta starfið	Gerð er meiri og meiri krafa um mat á starfi leik-skólanna. Áfram-haldandi vinna frá síðasta ári	Finna frekari leiðir til að meta allt starfið	Stjórnendur	Haut 2022	Vor 2023	Lagt fyrir starfsmanna hópinn, álit allra fengin á matinu sem fer fram og fá hugmyndir frá öllum um nýjar matsleiðir	Fleiri mats-aðferðir innleiddar
Taka börn nægilega mikið þátt í að meta starfið?	Væntingar eru um að börnin taki þátt í mati á starfi skólans	Finna leiðir til að mat þeirra á starfinu verði mark-vissara og það skráð. Hafa ábyrgðar-aðila á hverri deild	Stjórnenda-teymi skólans	Haut 2022	Vor 2023	Lagt fyrir starfsmanna hópinn, álit allra fengið á matinu sem fer fram	Að börnin verði virk í mati á starfi skólans.

Rýna vel í niðurstöður foreldra-könnunar frá því í júní 2022	Nýta alla þætti hennar til betra starfs	Bæta það sem hægt er að bæta og halda í það góða	Stjórnenda-teymi leik-skólans	Haust 2022	Haust 2022	Kynnt og rætt í starfsmanna hópnum	Betra starf
--	---	--	-------------------------------	------------	------------	------------------------------------	-------------

INNRA MAT DROPAÐILDAR

Einkunnarorð Dropaðildar eru umhyggja, jákvæðni og samvinna.

Með þau að leiðarljósi erum við að kenna börnunum að vera einstaklingar í litlum og stórum hópum, skapa jákvætt og öruggt starfsumhverfi. Dropaðild er yngsta deildin í Grænuborg og fyrsta stoppið í skólakerfinu og er því mikilvægt að börnin fái góðan grunn í byrjun. Við leggjum mikla áherslu á að nota leikinn sem námsleið og efla þannig börnin meðal annars í samskiptum og sjálfstæði. Við bættum við útikennslu sem gekk vonum framar og fengu börnin tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu. Starfið gekk yfir höfuð vel og fengu börnin jöfn tækifæri til að þroskast sem einstaklingar.

UMBÓTAÆTLUN DROPAÐILDAR

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að nota Gefðu 10 á markvissan hátt	Gefðu 10	Kynna verkefnið vel fyrir starfsfólki deildar. Passa upp á að allir á deildinni viti um hvað gefðu 10 snýst og það verði notað markvisst af öllu starfsfólki Dropa-deildar	Deildarstjóri ber ábyrgð á að kynna þetta vel fyrir starfsfólki og passa upp á að starfsfólk deildar noti gefðu 10 á hverjum degi	September	júní	Nota skráningar blöð til að halda utan um hvert barn.	Að hvert fjöltyngt barn og börn sem þurfa meiri málörvun eða félagsþjálfun verði öll búin að fá að minnsta kosti 1x2vikur/2x 1viku í Gefðu 10!
Að tileinka okkur Tákn með tali	Að starfsfólk læri og temji sér að nota Tákn með tali í öllu starfi deildarinnar	Notum heimasíðu TMT til að gera orðabækur fyrir deildina. Lærum táknin og notum þau þegar við tölum við börnin, lesum og syngjum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst	Ágúst	Farið yfir orðabækur og árangur af notkun TMT á deildarfundum yfir árið	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota TMT samhliða í öllu starfi og leik. Að þau börn sem eru fjöltyngd eða þurfa meiri málörvun

		Vonandi með námskeiði í skólanum eða sem starfsfólk getur sótt utan skóla í litlum hópum. Börn og starfsfólk fái sér tákni.					eflist mælanlega í tjáningu með þessu.
Að þekkja og gera sýnileg í leik og starfi einkunnarorð Grænuborgar	Grænaborg á 4. einkunnarorð gleði, virðing, vinsemd og umhyggja. Við stefnum að því að þekkja einkunnarorðin	Að börn og starfsmenn tileinki sér einkunnarorðin í leik og starfi og læri að bera virðingu fyrir hvort öðru. umhverfi og leikefni	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildar	Ágúst	Júlí	Á deildarfundum sem eru 2x í mánuði	Að börn, starfsfólk og foreldrar þekki einkunnarorðin okkar og noti þau í daglegu tali
Að tengja betur við fjölgreindirnar og stefnu leikskólans almennt	Vinna markvíst með stefnu Grænuborgar og tengja fjölgreindirnar við allt starf Dropa-deildar	Að starfsfólki tileinki sér stefnu skólans og geti notað greindirnar í daglegu starfi deildar.	Deildarstjóri og starfsfólk	Ágúst	Ágúst	Á deildarfundum sem eru 2x í mánuði	Starfsfólk, foreldrar og börn þekki stefnu skólans

INNRA MAT MÁNADEILDAR

Einkunnarorð Mánadeildar eru *Gleði, sköpun og vinátta*.

Með einkunnarorðin í huga þá unnum við að markmiðum okkar, sem eru að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum. Í vetur höfum við lagt áherslu á að læra í gegnum leik, sköpun og félagsfærni. Fórum í margar gönguferðir í smáum hópum, læra á umhverfið og náttúruna með það að markmiði að ná að fara öll saman í gönguferð sem við gerðum og það gekk eins og í sögu. Sköpun hefur einnig verið stór þáttur hjá okkur í vetur og höfum við unnið mörg einstaklingsverkefni sem og hópaverkefni. Það sem okkur þótti skemmtilegast voru gönguferðirnar og leikvellirnir sem við heimsóttum. Svo þótti okkur líka æðislegt að smíða saman blómakassa og gróðursetja jarðaberjaplöntur. Og svo auðvitað allt hitt sem við gerðum í vetur, það var líka skemmtilegast.

Starfið var skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu borgarinnar, barnasáttmálanum og fjölgreindakenningu Gardners til hliðsjónar. Börnin þekkja gildi skólans og hafa

lært heilmikið um tilfinningar sínar og annara. Gláðir, umhyggjusamir, virðingarfullir vinir hafa átt góðan vetur á Mánadeild.

UMBÓTAÁÆTLUN MÁNADEILDAR

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar í ferilmöppur. Halda betur utan um myndir sem teknar eru.	Gera skráningar jafn óðum og hlaða inn myndum mánaðarlega/vikulega	Nota Vala.is til að hlaða myndum og flokka jafn óðum. Gera afmælis-skráningar sama dag og barnið á afmæli og senda afrit með barni heim.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Júní 2022.	Júní 2023	Notkun á Vala.is Einnig auðvelt að framkvæma með book creator. Umræðumat	Auðveldar starf og minnkar líkur á að verkefnin hlaðist upp. Kemur út í betra upplýsinga-flæði til foreldra. Eykur ánægju foreldra. Auðveldar utanumhald á öllu starfi tengdu skráningu barnanna.
Nota TMT markvist.	Að starfsfólk temji sér að nota tákn með tali í starfi deildarinnar.	Starfsfólk skoði TMT síðuna, notast verður við tákn vikunnar og notað í samveru-stundum.	Starfsfólk deildar.	Sept 2022	Sept 2023	Farið yfir orðabækur og árangur af notkun TMT á deildarfundu r yfir árið	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota TMT samhliða í öllu starfi og leik. Að þau börn sem eru fjöltyngd eða þurfa meiri málörvun eflist
Lestar-stundir.	Hafa tvískiptar lestarstundir að minnsta kosti 1x á dag	Skipta barna-hópnum upp. Metið með hverjum barnahóp hvort hann sé aldurskiptur eða eftir getu barnanna og	Starfsfólk deildar	Júní 2021	Júní 2022	Hafa fasta tíma daglega. Skipuleggja þessar stundir með viðeigandi efni fyrir hvern hóp.	Skapa rólegar stundir. Auka áhuga og virkja hlustun.

		þolinmæði þeirra.					
Gefðu 10!	Að allt starfsfólk deildar sé meðvitað um og noti Gefðu 10! á hverjum degi	Kynnum Gefðu 10! á deildarfundum, skipuleggjum röð barna og höfum skráningu sýnilega f starfsfólk. Minnum hvert annað á.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skráningum og allt starfsfólk þarf svo að fylla út sínar mínútur.	Sept 22	Ágúst 23	Við skráum allar mínútur fyrir hvert barn. Söfnum saman skráningum og höldum utan um þær.	Að hvert fjöltyngt barn og börn sem þurfa meiri málörvun og félagsþjálfun, verði öll búin að fá að minnsta kosti 1x2vikur/2x 1viku í Gefðu 10!

INNRA MAT STJÖRNUDEILDAR

Einkunnarorð Stjörnudeildar í vetur voru *sjálfstæði – jákvæðni – vinátta*.

Með einkunnarorðin í huga þá unnum við að okkar markmiðum sem eru að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum, að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna og efla félagsfærni. Við skipulögðum starfið með aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu borgarinnar, barnasáttmálann og fjölgreindakenningu Gardners til hliðsjónar. Við leyfðum börnunum að stjórna ferðinni í starfi, það var mótað að þeirra áhuga og þörfum og lýðræðisleg vinnubrögð kennd og stunduð. Þannig nýttum við styrkleika til að efla þau sem persónur, vini og nemendur. Allt nám á Stjörnudeild var byggt upp á leiknum og við kenndum mest og best í gegnum hann. Við stundum lýðræði í skólastarfi, hvöttum til gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta. Nemendahópur þessa starfsárs þekkir gildi skólans vel og hefur þau í hávegum í sínu starfi, þau eru einstaklega góðir vinir, sýna virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu, eru umhyggjusöm og nálgast hvert verkefni og áskorun með gleði og bros á vör. Veturinn var skemmtilegur, starfið gekk vel, starfsfólkið samtaka og jákvætt. Vikulegar ferðir út fyrir skólalóðina og Lubbi voru vinsælustu liðir í starfinu.

UMBÓTAÁÆTLUN STJÖRNUDEILDAR

UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Muna eftir Gefðu 10!	Að allt starfsfólk deildar sé meðvitað um og noti Gefðu 10! á	Kynnum Gefðu 10! á deildarfundum, skipuleggjum röð barna og höfum	Deildarstjóri ber ábyrgð á skráningum og allt starfsfólk þarf svo að	September 2022	Ágúst 2023	Við skráum allar mínútur fyrir hvert barn. Söfnum saman skráningum	Að hvert fjöltyngt barn og börn sem þurfa meiri málörvun eða

	hverjum degi	skráningu sýnilega f. starfsfólk. Minnum hvert annað á.	fylla út sínar mínútur.			og höldum utan um þær.	félagsþjálfun verði öll búin að fá að minnsta kosti 1x2vikur/2x 1viku í Gefðu 10!
Skrá betur undirbúningstíma deildarinnar	Að við séum með betri yfirsýn yfir undirbúningstíma starfsfólks og hvernig þeir eru nýttir og við hvaða aðstæður undirbúningur fellur niður	Búum okkur til excel skjal á sameiginlegu svæði deildar og skrifum þar inn vikulega tíma í undirbúning, fundi og hvað var gert á þessum tímum.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Janúar 2023	Skoðum skjalið fyrsta deildarfund mánaðarins, förum yfir og sjáum hvort við erum að ná okkar tímum.	Að við sem deild nýtum undirbúningstíma na betur. Að við sjáum hvað það er sem raskar undurbúninginn. Að skólastjóri geti séð hvernig undirbúningur er nýttur f deildina/skólann.
Umhverfismennt Útikennsla – umhverfsgreind Sjálfbærni	Að efla umhverfsgreind barnanna og vera með markvissa útikennslu tengda menntastefnuáherslunum, sköpun og vísindakennslu	Umhverfisfulltrúar með ýmis verkefni, veðurfræðingur, útikennsla í gönguferðum, flokkun og endurvinnsla, vinna með verðlaust efni	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	September 2022	Júní 2023	Á deildarfundum, farið yfir skráningar og ferli	Að börnin þekki helstu hugtök um veður, árstíðir, skilji af hverju við flokkum og endurvinnnum, þekki nær-umhverfi sitt og séu þjálfuð í að fara í vettvangsferðir og vinna efni úr þeim
Félagsfærni og sjálfsefning – Menntastefna	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, séu örugg og sjálfstæð	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfundum, viðtöl við börnin,	Að vina sambönd styrkist, börnin séu örugg og glöð, unni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskiptavandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér

		nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.					
Nota TMT markvisst í öllu starfi	Að starfsfólk læri og temji sér að nota Tákn með tali í starfi deildarinnar	Notum heimasíðu TMT til að gera orðabækur fyrir deildina. Lærum táknin og notum þau þegar við tölum við börnin, lesum og syngjum. Vonandi með námskeiði í skólanum eða sem starfsfólk getur sótt utan skóla í litlum hópum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Farið yfir orðabækur og árangur af notkun TMT á deildarfundur yfir árið	Að kennarum og nemendum sé orðið tamt að nota TMT samhliða í öllu starfi og leik. Að þau börn sem eru fjöltyngd eða þurfa meiri málörvun eflist

INNRA MAT SÓLSKINSDEILDAR

Í vetur voru lengst af 25 börn á Sólskinsdeild, 12 fædd 2016 og 13 fædd 2017. Í hópnum voru 16 fjöltyngd börn en vel gekk að hafa starfið hæfilega krefjandi fyrir alla. Hópurinn var mjög samrýmdur og mikil vinasambönd þróuðust eða urðu til í vetur.

Markmiðin fyrir skólaárið 2021-2022 voru:

- Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna
- Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni
- Að nota Lubba markvisst í starfi deildarinnar

Við unnum markvisst með sköpun, tónlist, heimspeki og vísindi inni á deild og fléttuðum það inn í frjálsan leik barnanna. Þegar hólfaskiptingu skólans vegna Covid19 var aflétt færðum við hópastarfið

út af deildinni og fundum strax hvað það munar miklu að geta unnið með allt húsnæði skólans. Útikennsla var mikilvægur þáttur í starfi vetrarins og farið var í margar ferðir út í náttúruna og heimsóknir.

Þegar litið er yfir veturinn og barnahópin má segja að starfið hafi gengið mjög vel. Samstarf kennara deildarinnar gekk mjög vel og öll unnum við saman að markmiðum okkar sem eru að efla félagsfærni, sjálfsefningu og að börnunum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi. Að börnin öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd og að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Næsta vetur höldum við áfram að vinna með félagsfærni og sjálfsefningu barnanna. Við munum nýta okkar reynslu og þekkingu og bæta við hana. Við eflum Gefðu10! og vinnum markvissara með það, höfum skráningu sýnilega og erum dugleg að minna hvert annað á. Einnig stefnum við á að gera betur með Lubba og vinna markvisst og meira með hann.

UMBÓTAÁÆTLUN SÓLSKINSDEILDAR

Umbóta- þáttur / Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Muna eftir Gefðu 10!	Að efla íslensku-kunnáttu fjölbýndra barna og að allt starfsfólk deildar sé meðvitað um og noti Gefðu 10! daglega	Notum „Gefðu 10!“. Höfum skráningu sýnilega og erum dugleg að minna hvert annað á	Deildarstjóri er ábyrgð á skráningu og allt starfsfólk þarf svo að fylla út sínar mínútur	Sep-tember 2022	Júní 2023	Við skráum allar mínútur fyrir hvert barn. Söfnum saman skráningu og höldum utan um þær	Að börnin noti setningar með sífellt fleiri orðum og tjái sig vel
Félags- færni og sjálfs- efning	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpssemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin til að gera allt sjálf og nýta styrkleika sína.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir veturinn.	Að börnun líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi. Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd. Að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.
Lubbi finnur málbein	Að bókin og vísurnar um Lubba séu notuð markvisst á deildinni, eins	Höfum Lubba stundir, leggjum áherslu á hljóð/bókstaf í hverri viku og tengjum við	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Sep-tember 2022	Júní 2023	Á deildarfundum, farið yfir og rætt.	Að börnin hafi tileinkað sér fræðin um Lubba.

	Lubba spjöld og spil.	gönguferðir og söngstundir					
--	-----------------------	----------------------------	--	--	--	--	--

INNRA MAT SÉRKENNSLU

MAT Á SÉRKENNSLU 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Þau börn sem fengu sérkennslu í skólanum voru öll með sína eigin einstaklingsáætlun sem var endurskoðuð á 6-8 vikna fresti með tilliti til framfara einstaklingsins, áltí og áherslum frá foreldrum, ráðgjöfum og starfsfólki sem að barninu koma í skólanum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Notaður var ABLES listinn, Smábarnalistinn, Hljóm2, EFI2, TRAS, Orðaskil, Behavioural Intervention for Young Children with Autism, Íslenski mállhljóðamælirinn og svo heimatilbúinn lista yfir þroskaþætti allra aldurshópa í skólanum.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis námsgögn voru notuð bæði keypt og heimatilbúin. Ljáðu mér eyra, Tölum saman, following auditory directions, The processing program, Spjallað og leikið, SÓL fyrir eldri og yngri, Lubbi, leikum og lærum, orðagull og margt fleira.

UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun – faglegt samstarf	Aukið samráð milli sérkennslustjóra og sérkennara. Jafningjafræðsla.	Setja niður fasta fundi aðra hvora viku í 30-40 mín í senn til þess að ræða mál sérkennslu ásamt því að deila þekkingu og fræðslu.	Sérkennslu- stjóri	Haut 2022	Vor 2023	Með fundargerðum og samtali.	Að stuðningsaðilar fái þann stuðning og þá fræðslu sem þeir telja sig þurfa.

INNRA MAT – FJÖLTÝNGD BÖRN

MAT Á MÁLÖRVUN OG VIRKRI ÞÁTTTÖKU FJÖLTÝNGDRA BARNA 2022-2022

Á líðandi skólaári var ákveðið að hafa lítið stöðugildi á hverri deild (í staðinn fyrir að hafa starfsmann utan deilda) til að sinna málörvun og virkri þátttöku fjöltýngdra barna. Deildarstjórar allra deilda skiluðu innra mati vegna þessa, sjá hér að neðan. Vissulega var vinnan ekki eins á öllum deildum, á sumum gafst meiri tími til þessarar vinnu á meðan minna náðist að gera á öðrum, en svona gekk það fyrir sig (einhverskonar meðaltal allra deilda):

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn var notað til að auka stöðugildi deilda, svo að deildarstarfsfólk hefði tök á að sinna málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já t.d. með því að setja orð á alla hluti, nota gefðu 10!, notast við myndrænt dagskiplag, sögur sagðar, mikið sungið og farið með kvæði og ljóð, samtöl við börnin
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, sjá svar hér að ofan
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast við til að mynda skráningar og til þess gerð eyðublað
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já allir gera eins vel og þeir geta í þessum eignum. Auk ofantalinna atriða má nefna Lubba, ritmál, stafur vikunnar, notast við rím og klapp o.m.fl.

UMBÓTAÁÆTLUN –FJÖLTYNGI 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ráða inn verkefnastjóra í þetta verkefni	Skýrari vinna samfara mikilli aukningu fjöltyngdra barn í leikskólanum	Innleiðing á nýjum verkefnum	Leikskólastjóri	Haut 2022	Sumar 2023	Matsaðferir hafa ekki verið ákveðnar ennþá	Markvissari vinna í málörvun og virkari þátttöku fjöltyngdra barna

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári, en þau féllu niður á líðandi skólaári vegna Covid19 og annarra ástæðna.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á skólaárinu á meðan allt var með eðlilegu móti á skólaárinu, þar má helst nefna:

B.ed. nám við Háskóla Íslands

Einn starfsmaður

*Forritunar- og upplýsingatækni, kynning á
nýjum búnaði í leikskólanum, kynning frá
starfsmanni leikskólans*

Allt starfsfólk leikskólans

Forystunám á vegum Reykjavíkurborgar

Aðstoðarleikskólastjóri

*Framhaldsnámskeið í PECS Ráðgjafar- og
greiningarstöð ríkisins*

*Sérkennarar í leikskólanum og
sérkennslustjóri*

*Fræðsla um persónuvernd í skólastarfi,
Mixtura*

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

<i>Fyrirlestur um barnasáttmálann í leikskólum, Emíla Rafnsdóttir, skóla- og frístundasvið</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Hinsegin fræðsla á vegum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Hvernig gengur? Innra mat í leikskólum. Menntahleðsla menntavísindasviðs, Háskóli Íslands</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Leiðtogi framtíðarinnar er teymið? Stjórnendafræðsla á vegum Skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Lærdómsamfélag sérkennslustjóra</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Lærdómssamfélag um upplýsingatækni í leikskólum, Mixtúra</i>	<i>Þrír starfsmenn leikskólans</i>
<i>Menntakvika, rafræn ráðstefna í menntavísindum, Háskóli Íslands</i>	<i>Ýmsir starfsmenn</i>
<i>Morgunfundur hjá Rannung, ýmis erindi</i>	<i>Leikskólastjóri</i>
<i>Námsstefna félags stjórnenda í leikskólum, ýmsir fyrirlestrar</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Náttúruleg kennsl, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins</i>	<i>Tveir sérkennarar í leikskólanum</i>
<i>PECE námskeið, Sigrún Kristjánsdóttir hafði umsjón</i>	<i>Einn sérkennari í leikskólanum</i>
<i>Stjórnendadagur stjórnenda Reykjavíkur, ýmsir fyrirlestrar</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>

Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár. En leitast verður eftir námskeiðum sem snúast um félagsfærni, sjálfsefningu barna og læsi. Við munum halda áfram að skoða upplýsingatækni og margmiðlun. Haldið verður skyndihjálparnámskeið á haustönn, en það er gert á tveggja ára fresti. Reynt verður að fá námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans um Tákn með tali. Auk þess sem allt starfsfólk skólans er hvatt til að skoða vel hvaða námskeið eru í boði sem nýtast til að dýpka sig í starfi og í flestum tilfellum er svigrúm til þess að þeir sem sýna áhuga á námskeiði eða ráðstefnu fái tíma til þess.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Grænaborg mun eiga samstarf við Austurbæjarskóla, Draumalandi og leikskólanum Miðborg veturinn 2022 – 2023, með ýmiskonar heimsóknum á milli staða, með mismunandi þemum í hvert skipti of mun þannig styrkja tengslin á milli þessarar starfsstaða. Fyrirhugaðar eru 6 heimsóknir á skólaárinu, frá september fram í maí. Í þessu samstarfi taka elstu börn leikskólanna þátt og yngstu börn grunnskólans.

Grænaborg skilaði til grunnskólans upplýsingum um börnin sem fara á milli skólastiga.

FORELDRASAMVINNA

Foreldrasamvinna í Grænuborg er mjög mikilvæg og viljum við vera í miklu og nánú samstarfi við forráðamenn barnanna. Hún fer að mestu leiti fram þegar komið er með og barn sótt í skólann, en auk þess í gegnum tölvupósta, Völuna og síma. Foreldrar eru boðaðir í að minnsta kosti tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Eitt að hausti, þar sem fer fram almenn umræða um barnið, líðan þess og þroska og farið yfir upplýsingar um barnið. Annað að vori þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur í leik og starfi í skólanum. Það eru deildarstjórar hvernar deildar sem sjá um þessi viðtöl. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á komandi skólaári. Þessi tvö formlegu viðtöl fóru að mestu leiti fram eins og til stóð á skólaárinu 2021 – 2022.

Á haustin eru skipulagðir foreldrafundir þar sem farið er yfir áherslur deilda og vetrarstarfið kynnt. Þessir fundir hafa verið í kringum miðjan september.

Við skólann er starfandi foreldraráð, samkvæmt lögum, auk þess er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins innheimtir kr. 6000 á ári í gjöld. Stjórn foreldrafélagsins fundar um það bil einu sinni í mánuði og er haldinn aðalfundur að hausti. Í stjórninni er formaður, gjaldkeri og ritari auk um það bil 5 aðrir stjórnarmenn. Stjórnin skipuleggur ýmsa viðburði til hliðar við skólastarfið, þar sem öll börn og foreldrar hafa tækifæri til að hittast og eiga notalega stund saman. Aðalfundur foreldrafélags Grænuborgar var haldinn í október 2021, þar sem voru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla frá formanni, farið yfir ársreikninga og kosin stjórn. Á þeim fundi var einnig óskað eftir aðilum í foreldraráð Grænuborgar og gáfu þeir aðilar kost á sér. Vegna Covid19 fundaði stjórnin sjaldnar á skólaárinu.

Foreldraráðið er skipað þremur fulltrúum foreldra auk leikskólastjóra. Það fundar eftir þörfum og kemur að starfi skólans t.d. varðandi sumarlokanir og yfirllestur á námskrá og starfsáætlun. Foreldraráð skólans tók afstöðu til sumarlokunartímabils og breytingu á einum starfsdegi.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Eftirtalda daga er lokað í Grænuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga starfsfólks, gert er ráð fyrir sex heilum skipulagsdögum á ári, í sumum tilfellum er heilum degi skipt niður í tvo hálfa daga. Eftirtalda daga verður lokað í Grænuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga, birt með fyrirvara um breytingar:

22. ágúst 2022, mánudagur, heill dagur

22. september 2022, fimmtudagur, heill dagur

18. nóvember 2022, heill dagur, sameiginlegur starfsdagur

17. febrúar 2023, föstudagur, hálfur dagur eftir hádegi

19. apríl 2023. miðvikudagur, heill dagur

21. apríl 2023, föstudagur, heill dagur

5. júlí 2022, þriðjudagur, hálfur dagur eftir hádegi

FYLGIGÖGN

1 FYLGISKJAL - SKÓLADAGATAL

2 FYLGISKJAL - UMSÖGN FORELDRARÁÐS

Júní 2022,
fyrir hönd Grænuborgar
Gerður Sif Hauksdóttir
Leikskólastjóri
Grænuborgar

Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir og hefur engar athugasemdir, utan þess hversu skemmtileg og greinargóð lesningin er.

Margrét Erla Maack, Inga Auðbjörg Straumland og Arnar Sigurjónsson





Mikilvægir dagar yfir skólaárið 2022-2023

Birt með fyrirvara um breytingar

Ágúst 2022

- 04. Opnum eftir sumarfrí
- 22. Skipulagsdagur – lokað
- 23. Flutningur á milli deilda

September 2022

- 08. Dagur læsis
- 16. Dagur íslenskrar náttúru
- 19. Foreldrafundur á Sólskinsdeild
- 20. Foreldrafundur á Stjörnudeild
- 21. Foreldrafundur á Mánadeild
- 22. Skipulagsdagur – lokað

Október 2022

- 05. Foreldrafundur á Dropadeild
- 10. Foreldraviðtöl hefjast

Nóvember 2022

- 16. Dagur íslenskrar tungu
- 18. Skipulagsdagur – lokað
- 28. Piparkökukaffi á Dropadeild
- 29. Piparkökukaffi á Mánadeild
- 30. Piparkökukaffi á Stjörnudeild

Desember 2022

- Piparkökukaffi á Sólskinsdeild
- 16. jólaball í sal
- 19. Jólaleikrit í sal

Janúar 2023

- 06. Þrettándinn
- 20. Þorablót í sal

Febrúar 2023

- 06. Dagur leikskólans
- 11. Dagur íslenska táknmálsins
- 17. Skipulagsdagur – lokað eftir hádegi
- 20. Bolludagur
- 21. Sprengidagur
- 22. Öskudagur – ball í sal

Mars 2023

- 13. Foreldraviðtöl hefjast

Apríl 2023

- 06. Skírdagur – lokað
- 07. Föstudagurinn langi – lokað
- 09. Annar í páskum – lokað
- 19. Skipulagsdagur – lokað
- 20. Sumardagurinn fyrsti – lokað
- 21. Skipulagsdagur – lokað

Maí 2023

- Baráttudagur verkalýðsins - lokað
- 18. Uppstigningardagur – lokað
- 19. Sveitaferð
- 29. Annar í hvítasunnu – lokað

Júní 2023

Júlí – ágúst 2023

- sumarleyfistími, tímasetning um það bil 5. júlí – 2. ágúst

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
04. Opnum eftir sumarfrí 22. Skipulagsdagur – lokað 23. Flutningur á milli deilda	08. Dagur læsis 16. Dagur íslenskrar náttúru 19. Foreldrafundur á Sólskinsdeild 20. Foreldrafundur á Stjörnudeild 21. Foreldrafundur á Mánadeild 22. Skipulagsdagur – lokað	05. Foreldrafundur á Dropadeild 10. Foreldraviðtöl hefjast	16. Dagur íslenskrar tungu 18. Skipulagsdagur – lokað 28. Piparkökukaffi á Dropadeild 29. Piparkökukaffi á Mánadeild 30. Piparkökukaffi á Stjörnudeild	01. Piparkökukaffi á Sólskinsdeild 16. Jólabbal í sal 19. Jólaleikrit í sal 26. annar í jolum - lokað
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
06. Prettándinn 20/27. Þorablót í sal	06. Dagur leikskólans 11. Dagur íslenska táknmálsins 17. Skipulagsdagur – lokað eftir hádegi 20. Bolludagur 21. Sprengidagur 22. Öskudagur – ball í sal	13. Foreldraviðtöl hefjast	06. Skírdagur – lokað 07. Föstudagurinn langi – lokað 09. Annar í páskum – lokað 19. Skipulagsdagur – lokað 20. Sumardagurinn fyrsti – lokað 21. Skipulagsdagur – lokað	01. Baráttudagur verkalýðsins - lokað 18. Uppstigningardagur – lokað 19. Sveitaferð 29. Annar í hvítasunnu – lokað
Júní	Júlí	Ágúst		
	05. Starfsdagur – lokað eftir hádegi 06.- 30. Sumarleyfi – lokað ???	01. – 04. sumarleyfi - lokað		